

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
vegna verslunar og þjónustu að Reynivöllum II.

Skipulagsstofnun staðfesti 12. desember 2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2010-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 25. október 2022.

Í breytingunni felst að gistirýmum á verslunar- og þjónustusvæði VP45 í landi Reynivalla II er fjölgað úr 100 í 150 og gestum fjölgað úr allt að 200 í allt að 300.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 12. desember 2022.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 27. desember 2022